

## Reglur um úthlutun styrkja til gæða- og nýsköpunarverkefna í heilbrigðisþjónustu.

### 1. gr.

#### *Tilgangur.*

Heilbrigðisráðherra veitir árlega styrki til gæða- og nýsköpunarverkefna í heilbrigðisþjónustunni, að fenginni tillögu starfshóps ráðuneytisins.

### 2. gr.

#### *Starfshópur.*

Þriggja manna starfshópur ráðuneytisins hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Starfshópurinn getur leitað sérfræðiálits við mat umsókna, ef hann telur þess þurfa.

### 3. gr.

#### *Styrkir.*

Styrkirnir eru veittir til stofnana á sviði heilbrigðismála, einstaklinga og fyrirtækja. Þau fyrirtæki eða einstaklingar sem sækja um þurfa að vera í samvinnu eða fyrirhugaðri samvinnu við heilbrigðisstofnanir.

Veita skal styrki til afmarkaðra verkefna og tæknilausna sem stuðlað geta að umbótum, nýbreytni eða auknum gæðum heilbrigðisþjónustunnar samkvæmt áherslum ráðherra hverju sinni. Ekki eru veittir ferðastyrkir.

### 4. gr.

#### *Auglýsing.*

Ráðuneytið auglýsir opinberlega einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki. Ákveði ráðherra að leggja áherslu á ákveðin mál á verkefnasviði ráðuneytisins skal það koma fram í auglýsingu.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, leiðbeiningar um gerð umsókna á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum, auk upplýsinga um umsóknarfrest.

### 5. gr.

#### *Umsóknir.*

Umsókn skal skilað á þar til gerðu rafrænu umsóknareyðublaði og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a) Upplýsingar um umsækjanda og það fyrirtæki, stofnun, deild eða starfseiningu sem sótt er um styrk fyrir.
- b) Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
- c) Lýsing á verkefni, markmiðum þess og hverjum það mun nýtast.
- d) Framkvæmda-, kostnaðar- og tímaáætlun þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið, styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða sótt hefur verið um, hvernig á að meta árangur af verkefni og hvernig nýta á niðurstöður.
- e) Önnur gögn til stuðnings umsókn.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur eru ekki teknar til umfjöllunar.

### 6. gr.

#### *Mat á umsóknum.*

Starfshópur metur styrkhæfi umsókna og gildi þeirra. Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum, eftir því sem við á:

- a) Verkefnið sé nýskapandi lausn í heilbrigðisþjónustu sem falli að núverandi kerfum.
- b) Verkefnið stuðli að umbótum, nýbreytni eða auknum gæðum heilbrigðisþjónustunnar.
- c) Verkefnið falli að heilbrigðis- og lýðheilsustefnu og áherslum ráðherra eins og auglýst var.
- d) Verkefnið sé byggt á faglegum grunni.

- e) Lýsing verkefnisins sé vönduð og öll fylgigögn fylgi umsókn.
- f) Framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun sé trúverðug og að fjárhagslegur grundvöllur verkefnisins sé skýr.

Hafi áður verið veittur styrkur til sama verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um ráðstöfun styrkfjárins svo unnt sé að taka nýja umsókn til greina.

7. gr.

*Viðmið við úthlutun.*

Við mat á styrkhæfi umsóknar skal starfshópurinn taka mið af eftirtöldum atriðum, auk þeirra skilyrða sem talin eru í 3., 5. og 6. gr.:

- a) Að markmið verkefnis sé skýrt og gerð grein fyrir tilætluðum árangri.
- b) Fram komi hvernig árangur verkefnis verði metinn.
- c) Gildi verkefnis fyrir heilbrigðisþjónustuna.
- d) Að umsókn og fylgigögnum hafi verið skilað innan tilskilins umsóknarfrests.

8. gr.

*Úthlutun.*

Starfshópur ráðuneytisins gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur starfshópsins skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli tillagna starfshópsins. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Við úthlutun styrkja skal styrkþega sendur samningur þar sem fram koma þau skilyrði sem fylgja styrkveitingu. Þegar umsækjandi og fulltrúi heilbrigðisráðherra hafa undirritað samninginn skal styrkurinn greiddur út innan eðlilegra tímamarka.

Ráðuneytið birtir nöfn styrkþega ásamt upplýsingum um verkefnið og fjárhæð styrks.

9. gr.

*Eftirlit með framkvæmd verkefna.*

Styrkþegi skal gera ráðuneytinu grein fyrir hvernig styrkurinn var notaður og hvernig afraksturinn verði kynntur með skriflegri greinargerð sem getið er um í samningi við styrkþega.

Ráðuneytið getur krafist styrkþega um upplýsingar um stöðu verkefnis, sem og annarra upplýsinga og gagna.

Styrkþega er skylt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef tafir verða á verkefni.

Ráðuneytinu er heimilt að ógilda styrkveitingu ef óhóflegar tafir verða á því að hefja verkefnið.

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða greinargerð hefur ekki borist innan þess tíma sem getið er um í samningi við styrkþega, þ.m.t. ef útgjöld reynast lægri en greidd styrkfjárhæð.

10. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu þeirra. Á sama tíma falla eldri reglur úr gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu 11.1.2023*

**Willum Þór Þórsson**  
heilbrigðisráðherra.

---

*Ásta Valdimarsdóttir*